

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að eitt bifreiðastæði við Hellusund 7 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
2. Að tvö bifreiðastæði við Kleppsveg 150-152 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
3. Að gönguþverun yfir Holtaveg móts við Sæviðarsund verði merkt sem gangbraut.
4. Að Sæviðarsund við hús nr. 33-35 milli Sæviðarsunds og Kleppsvegar verði gert að einstefnu til austurs.
5. Að umferð frá bifreiðastæði við Kleppsveg 150-152 víki fyrir umferð um Kleppsveg á biðskyldu.
6. Að eitt bifreiðastæði við Grundarstíg 10 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
7. Að stöðubann verði sett í snúningshaus við grenndargáma í Suðurhlíð.
8. Að stöðubann verði sett norðanmegin í Austurhlíð.
9. Að eitt bifreiðastæði við Einholt 6 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
10. Að Háaleitisbraut, frá Kringlumýrarbraut að Ármúla, hafi hámarkshraða 40 km/klst. í stað 50 km/klst.
11. Að Háaleitisbraut, frá Miklubraut að Safamýri hafi hámarkshraða 40 km/klst. í stað 50 km/klst.
12. Að Háaleitisbraut, frá Safamýri að núverandi 30 km/klst. svæði, hafi hámarkshraða 30 km/klst. í stað 50 km/klst.
13. Að Háaleitisbraut, frá Ármúla að núverandi 30 km/klst. svæði, hafi hámarkshraða 30 km/klst. í stað 50 km/klst.
14. Að Lág múli hafi hámarkshraða 30 km/klst. í stað 50 km/klst.
15. Að Selmúli hafi hámarkshraða 30 km/klst. í stað 50 km/klst.
16. Að Síðumúli hafi hámarkshraða 30 km/klst. í stað 50 km/klst.
17. Að Vegmúli hafi hámarkshraða 30 km/klst. í stað 50 km/klst.
18. Að Fellsmúli, frá Grensásvegi að núverandi 30 km/klst. svæði, hafi hámarkshraða 30 km/klst. í stað 50 km/klst.
19. Að Drömundarvogur verði vistgata.
20. Að umferð frá Bátavogi víki fyrir umferð um Kleppsmýrarveg á biðskyldu.
21. Að Kuggavogur verði einstefnugata til norðausturs milli Dugguvogs og Súðarvogs.
22. Að Trilluvogur verði einstefnugata til austurs.
23. Að Dugguvogur milli Tranavogs og Kleppsmýrarvegs hafi leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst.
24. Að Kleppsmýrarvegur austan Dugguvogs hafi leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst.
25. Að Tranavogur hafi leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst.
26. Að Trilluvogur hafi leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst.
27. Að Súðarvogur hafi leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst.
28. Að Kuggavogur hafi leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst.
29. Að Skektuvogur hafi leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst.
30. Að Arkarvogur hafi leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst.
31. Að Bátavogur hafi leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst.
32. Að eitt stæði við Súðarvog 11 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
33. Að eitt stæði við Súðarvog 2 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
34. Að eitt stæði við Skektuvog 2 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
35. Að eitt stæði við Arkarvog 2 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.

Skrifstofu stjórnýslu og gæða á umhverfis- og skipulagssviði, 16. nóvember 2022.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 2. desember 2022